

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975:

Óverkaður saltfiskur

Stórfiskur nr. 1	kr. 225,00
Millifiskur nr. 1	— 217,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 187,00

Verð á öðrum gæðaflokkum er ákveðið í hlutföllum söluverða.

Verð þessi miðast við f. o. b. Verðbil verður 3% og gildir bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu að viðbættu eða frádragnum verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. mars 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

14. mars 1975.

Nr. 79.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um nám og starfsréttindi lyfjatækna nr. 183 4. júní 1973.

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Lokapróf skulu haldin í maímánuði, sem hér segir:

1. Verklegt próf í afgreiðslu lyfseðla og lyfjagerð.
2. Verklegt próf í vöruþekkingu.
3. Skriflegt próf í heilbrigðis- og hreinlætisháttum, almennri lyfjafræði og lyfjaþekkingu.
4. Skriflegt próf í lyfjalöggjöf, lyfjaverðlagningu, eyðublaðatækni og afgreiðslutækni.

Kennarar útbúa prófverkefni í samráði við skólastjórnina. Skólastjórn skipar prófdómara.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 upp í 10.

Til að standast lokapróf skólans, þarf neminn að hafa fengið að minnsta kosti einkunnina 5 í hverju hinna fjögurra, ofanefndra prófa.

Geti nemi ekki gengið undir próf vegna sjúkdóms skal hann skila læknisvottorði. Skal honum þá heimilt að ganga undir sjúkrapróf, sem halda skal við fyrsta tækifæri í samráði við skólastjóra og skólastjórn.

Nemi, sem ekki stenst lokapróf en óskar að þreyta hið næsta lokapróf, sem haldið verður, skal vinna á tímabilinu milli prófa, sem nemi í lyfjabúð. Innritist slíkur nemi til lokaprófs, sem seinna yrði haldið, þá skal hann vinna sem nemi í lyfjabúð eigi skemur en sex næstu mánuði fyrir prófið.

Slíkur nemi skal færa námsferilsbók, samkvæmt 5. tölulið fylgiskjals við reglugerð þessa.

Enginn getur gengið undir lokapróf oftari en þrisvar, nema að fengnu leyfi heilbrigðisráðuneytisins.

Þeir, sem ganga undir lokapróf, samkvæmt ákvæði 1. og 2. gr. til bráðabirgða í þessari reglugerð geta þó aðeins gengið undir lokapróf tvisvar, nema að fengnu leyfi heilbrigðisráðuneytisins.

2. gr.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 14. mars 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli loðnuafurða fyrir framleiðslutímabilið 16. febrúar til loka loðnuvertíðar 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 16. febrúar til loka loðnuvertíðar 1975.

Loðnumjöl, § 5,00 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, § 400,00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, § 1 = 149,20.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 62,5% af verðbreytingum frá grundvallarverði á loðnumjöli, en 30% á loðnulýsi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. mars 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.